

Fundur 21.10.2024 Sveinn Haraldsson.

Góða kvöldið gömlu félagar. Gleður það mig að koma á fundinn til ykkar.

Vertu velkominn.

Viljum við gjarnan efla orkuna sem mest og er ég að vísu ekki í stjórn stjórnumbandsstöðvar þessarar, en á ég enn sem fyrr góð samskipti við þá.

Og finnst þeim erfiðara að stilla ykkur til góðra sambanda þegar langt er á milli, þar sem um, já þið fáið oft að fljóta með í samböndum sem nást við marga.

Og eru hér mörg lífstefnusambönd sem voru skipulögð í kvöld, en veit ég ekki hvort okkur tekst að koma þeim öllum í gegn.

Frændi þinn biður að heilsa og nafni þinn Þorsteinn Guðjónsson og foreldrar þínir og þeim finnst leitt að hafa ekki komið oftar, Sveinn Haraldsson.

*Já blessaður og sæll, og velkominn og þakka þér fyrir kveðjurnar Sveinn.*

Já gleður það mig að komast í sambandið aftur, og gleður það okkur að þið eruð aftur orðin tengd eins og við segjum, og stefnir það allt til framfara og munum reyna að senda ykkur eins mikla orku og okkur er hægt og hvetjum ykkur til að halda vel áfram.

Var ég sendur í sambandið til að reyna að koma ákveðnum skilaboðum í gegn, við viljum hvetja ykkur til að prófa sem flesta miðla, að vísu vonum við að vel gangi eins og fyrrum, hefur gengið vel með þennan miðil

En ákveðin helstefnu áhrif trufla, og viljum hvetja ykkur til að hefja aftur tilrauna fundi, með fleiri miðla ef hægt er.

Og vona að þið takið það til greina, vil ég einnig segja að veikindi þau sem minnst var á hér á undan, eru kannski ekki tilviljun, þar sem ákveðin helstefnu öfl eru að trufla.

En af mér er allt gott að segja og vil ég gjarnan segja það, að ég er í miklu betra ástandi núna, heldur en síðast er ég talaði til ykkar, og betra líkamlegu og andlegu jafnvægi og er ég orðinn orkuríkur að nýju og lífsglaður.

Voru það tímabundin vandræði og betri samskipti við mína eiginkonu og fjölskyldu, og fórum við í góða ferð hér í sumar og skoðuðum gamlar húsarústir forrarr menningar og vildi ég gjarnan segja frá því, en ekki veit ég hvort orkan dugar.

Finn ég hér gömul og góð áhrif frá ykkur og eru einhverjir straumar frá ykkur gamal kunnugir, frá þeim tíma þegar ég starfaði með ykkur, og gleður það mig mjög, og vona að ég geti styrkt ykkur öll sem best, og þið megið gjarnan hugsa til mín, þó að þið séuð ekki skild mér, og athuga hvort ég geti ekki sent ykkur orku eins og Dungal og fleiri.

Vildi ég segja að Haukur og kona hans skila kveðju, þau voru að reyna að komast að hér nýlega og munu vonandi reyna það aftur sem fyrst.

Og foreldrar þínir Þorsteinn, hafa verið að leita fyrir sér að nýju landsvæði hér og afi þinn og get ekki alveg komið þessu til skila.

Þau búa hér, eru sum flutt á aðra hnetti, en afkomendur þeirra hafa verið að ferðast hér og kynna sér, endurnýja kynnin við afkomendur þeirra og hvar þau vilja setjast að á þessum hnetti.

Vona að ég hafi komið þessu frá mér almennilega, þau segja betur frá því sjálf, þegar þau komast í sambandið.

En þið finnið það á mér vonandi að ég er fullur af orku og hef fengið fullan styrk aftur, bæði var það að ég var undir vinnu álagi þegar ég talaði við ykkur síðast og var lítt sofinn.

Og eins var það að samskipti mín við konu mína eru góð, en amma hennar sem hér var, gerði margt misjafnt og hvernig hún skipulagði ýmislegt í okkar samfundum, hefur valdið deilum innan fjölskyldunnar, ætla ég ekki að fara út í það að sinni.

En þið finnið að ég er fullur af orku og lífsgleði og stefnir hér allt upp á við aftur hjá mér og vona að þið finnið það á mér hér í kvöld, kæru vinir og félagar.

*Ég finn það Sveinn.*

Já.

*Ég verð upp á Úlfstöðum á morgun, og þegar ég kem þangað ætla ég að hugsa til þín.*

Já og þú mátt alveg skila kveðju frá mér, hún man eftir mér, býst ég við.

Hún Ragnhildur, já já, hún man vel eftir þér.

Já, af þeim er allt gott að fréttu, leitt að þau komust ekki í sambandið en,

*Þau koma bara næst.*

Já þetta er allt á réttri leið og gott hjá ykkur að halda áfram, það er nauðsynlegt.

Ætla ég nú ekki að taka meiri tíma frá fundinum, en kveð ég ykkur og þakka fyrir, verið þið öll sæl og þakka fyrir mig.

*Þakka þér fyrir Sveinn og vertu blessaður.*